



Rekstur fyrirtækis í sátt við umhverfið

Dæmi eru um að fyrirtæki, sem hafa endurskoðað og bætt orkunýtingu sína, hafi náð frábærum árangri. Hér eru nokkur góð ráð.

Reynum að jafna út sveiflur í orkunotkun

Ef allir rafmagnsnotendur gætu dreift notkun jafnt yfir sólarhringinn árið um kring myndu virkjanir landsins nýta betur og þar með þyrfti að virkja minna afl. Til að minnka sveiflurnar bjóða orkufyrirtækin stórnotendum t.d. upp á lægra raforkuverð á sumrin og yfir nóttina. Fyrirtæki geta minnkað sveiflur með því að mæla sólarhrings orkunotkun og gera ráðstafanir í framhaldi af því, t.d. að ræsa ekki mörg rafmagnstæki á sama tíma og haga framleiðsluferlum með tilliti til þess að lækka aftoppa eins og mögulegt er og dreifa notkuninni sem jafnast á sólarhringinn.

Höldum grænt bókhald

Grænt bókhald er fært á svipaðan hátt og fjárhagsbókhald. Munurinn er sá að í stað króna er í grænu bókhaldi í meginatriðum haldið tölfræðilega utan um þá umhverfisþætti sem koma fyrirtækinu við. Samkvæmt lögum ber fyrirtækjum sem stunda rekstur sem valdið getur umtalsverðri mengun að færa grænt bókhald. Hins vegar er öllum fyrirtækjum frjálst að færa grænt bókhald og getur það haft ýmsa kosti. Stjórn fyrirtækisins getur notað það til að koma stefnu sinni í umhverfismálum á framfæri og einnig til að draga fram það sem betur mætti fara við reksturinn. Fyrirtæki geta nýtt sér skýrslu um grænt bókhald í því skyni að veita upplýsingar til almennings um fyrirtækið jafnframt því að með skýrslunni getur fyrirtækið treyst ímynd sína í samfélaginu. Á vef umhverfisstofnunar, www.ust.is, má finna frekari upplýsingar um grænt bókhald.

Prentum ekki út rafræna reikninga

Fyrirtækjum sem bjóða upp á þá þjónustu að senda út rafræna reikninga fjölgar stöðugt. Ekki er lengur nauðsynlegt samkvæmt lögum að geyma reikninga á pappírformi ef þeir uppfylla skilyrði ríkisskattstjóra. Span ehf er fyrirtæki sem sérhæfir sig í rafrænum viðskiptum milli fyrirtækja yfir internetið. Á www.span.is fást upplýsingar um rafræn viðskipti.

Endurnýjum rafmagnstæki reglulega

Ný tæki, sérstaklega þau sem merkt eru "A" eða "Energy Star" eru hönnuð þannig að þau þurfa mun minna afl en áður þekktist. Eldri tæki rýrna einnig í gæðum með tímanum og nýta orkuna verr en í upphafi. Því er oft mælt með því að skipta út rafmagnstækjum sem orðin eru 10 ára eða eldri.

Slökkvum á tölvum og tækjum eftir notkun

Á vinnustað þar sem mikið er um tölvur og skrifstofutæki skiptir máli að hafa slökkt á þessum tækjum utan vinnutíma. Tæki sem skilin eru eftir á "Stand-by" nota 10-50 Wött. Þannig má gera ráð fyrir því að vinnustaður með 100 tölvum og öðrum tækjum noti að óþörfu sem nemur 15-20 þúsund kWh á ári, sé ekki slökkt á þeim þegar vinnu lýkur. Dæmi eru um að settir hafi verið tímarofar á nánast öll rafmagnstæki í fyrirtækjum þannig að alltaf sé slökkt á þeim utan notkunartíma. Aðgerðir sem slíkar hafa gefið mjög góða raun.

Rafmagnsbílar eru framtíðin

Rafmagnsbílar verða á næstu árum raunhæfur kostur a.m.k. fyrir innanbæjarakstur. Innan fárra ára verður hægt að fá rafmagnsbíla í venjulegri fólksbílastærð sem draga vel yfir 100 km á hleðslu, komast vel yfir 100 km/klst hraða og hlaða sig á 20-30 mínútum. Gera má ráð fyrir að orkukostnaður fyrir rafmagnsbíla á Íslandi sé 8-14% af kostnaði við sambærilega bensínbíla auk þess sem þeir bensínknúnu gefa frá sér 2 tonn af CO₂ á ári. Fyrir fyrirtæki sem reka bifreiðar í innanbæjarakstri og vilja skara framúr í umhverfismálum liggur beint við að fjárfesta í rafmagnsbílum.

Notið rafskautakatla við gufuframleiðslu

Gufa er víða notuð í iðnaði og hún í flestum tilfellum mynduð með því að hita vatn í kötlum sem kyntir eru með olíu. Notkun rafskautakatla fer hins vegar vaxandi enda umhverfisvæn leið og í seinni tíð líka ódýrari þar sem raforkuverð hefur að mestu staðið í stað á meðan olíuverð hefur hækkað. Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á umhverfisvænni gufuframleiðslu er upplagt að hafa samband við Söludeild OR í síma 516-7600.

Nýtum ljósin betur

Við uppsetningu inniljósna er mikilvægt að hafa í huga að ekki sé verið að lýsa upp of stórt svæði í einu. Forðist einnig að setja upp ljós í óþarflega mikilli hæð. Með tímarofum og hreyfiskynjurum má minnka til muna þann tíma sem ljós loga að óþörfu. Í dag eru í langflestum tilfellum ljósnemar sem sjá um stýringu á útiljósum. Ef slíku er ekki að heilsa í þínu fyrirtæki er um að gera að fjárfesta í slíkum búnaði.